

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Lindargötu fyrir umferð um Frakkastíg.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 17. september 2002.

Böðvar Bragason.

19. september 2002

Nr. 671

REGLUGERÐ

um fjárfestingar rafeyrisfyrirtækja.

1. gr.

Fjárfestingar rafeyrisfyrirtækis skulu að minnsta kosti samsvara fjárskuldbindingum þess vegna útistandandi rafeyris. Rafeyrisfyrirtæki er aðeins heimilt að fjárfesta í eftirfarandi eignum:

1. Nægilega seljanlegum eignum skv. a.-d. staflidum 1. tölul. 1. mgr. 12. gr. reglna nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu, sem fá áhættuvogina núll.
2. Sýningarinnlánnum hjá lánastofnunum á svæði A eins og þær eru skilgreindar í reglum nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu.
3. Skuldaskjölum sem eru nægilega seljanleg, heyra ekki undir 1. tölul., eru viðurkennd sem fullgildir liðir samkvæmt reglum nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu og eru gefin út af öðrum fyrirtækjum en þeim sem eiga virkan eignarhluta í viðkomandi rafeyrisfyrirtæki eða þeim sem koma fram í samstæðureikningum þessara fyrirtækja.

2. gr.

Fjárfestingar sem um getur í 2. og 3. tölul. 1. gr. mega ekki fara yfir tuttugufalt eigið fé viðkomandi rafeyrisfyrirtækis og skulu vera háðar sömu takmörkunum og fram koma í reglugerð nr. 34/2002, um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu.

3. gr.

Til að baktryggja sig gegn markaðsáhættu sem leiðir af útgáfu rafeyris og fjárfestinganna sem um getur í 1. gr. er rafeyrisfyrirtækjum heimilt að nota nægilega seljanlega vaxtaberandi og vaxtatengda liði utan efnahagsreiknings í formi afleiðusamninga sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði. Afleiðusamningar skv. 1. másl. skulu falla undir daglegar kröfur um tryggingarfé eða gjaldeyrissamninga með upphaflegan binditíma sem er í mesta lagi 14 dagar. Notkun afleiðdra skjala samkvæmt 1. másl. er því aðeins leyfileg að ætlunin sé að útrýma til fulls markaðsáhættu og að því markmiði sé náð eftir því sem unnt er.

4. gr.

Við beitingu 1. gr. skal meta eignir á kaupverði eða markaðsverði, eftir því sem lægra er.